

KIRKJUGARÐARÁÐ

116. fundur haldinn mánudaginn 15. september 2014 á Ísafirði.

Mætt voru: Mætt voru: Ragnildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Auk fundar ráðsins sem haldinn var á Ísafirði var deginum varið í heimsóknir í kirkjugarða í Vestfjarðaprófastsdæmis í fylgd prófasts sr. Magnúsar Erlingssonar. Einnig var heimsótt eldsmiðjan á Þingeyri þar sem ráði fékk kynningu á sögu og starfsemi smiðjunnar, en þar hefur m.a. verið unnið að lagfæringum á gömlum minningarmörkum úr pottsteypu. Flogið var frá Reykjavík til Ísafjarðar kl.8:40 og komið til baka til Reykjavíkur kl. 18:15.

Dagskrá fundar á Ísafirði:

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 12.30 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Seyðisfjarðarkirkjugarður – stækkun.

Afgirt svæði undir kirkjugarðinn á Seyðisfirði er 10607 m² en ógrafið er í norðvesturhluta svæðisins. Nú er ætlunin að gera hluta að því svæði grafartækt og útbúa þar 162 ný grafarstæði samkvæmt teikningu sem framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs lagði fram. Kirkjugarðaráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirhugaða stækkun og gerir engar athugasemdir við hana.

3. Næsti fundur.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 13. október.

3. Önnur mál

Sigurgeir sagði frá því að haft var samband varðandi rúkkun á fasteignagjöldum fyrir kirkjugarðinn í Sauðlauksdal. Fulltrúi sóknarnefndar ætlaði að hafa samband við sveitarfélagið þar sem þau telja að um misskilning sé að ræða og ekki eigi að rúkka fasteignagjöld af kirkjugarðum.

Fundi slitið kl. 13:15

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari